

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Kópavogi.

#### *Hörðukór 2. Deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 16. desember 2004 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar nr. 2 við Hörðukór. Í breytingunni felst að umrædd lóð er stækkuð um 1.200 m<sup>2</sup>, verður 3.600 m<sup>2</sup> í stað 2.400 m<sup>2</sup>; afmörkun á byggingarreit er breytt og hann stækkaður, ráðgert gólfflatarmál eykst úr 1.500 m<sup>2</sup> í um 3.000 m<sup>2</sup> og fjöldi íbúða í fyrirhuguðu sambýli verður 16 íbúðir í stað 8.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.  
Skipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Hörðukór 5. Deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 16. desember 2004 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar nr. 5 við Hörðukór. Í breytingunni felst að þaki hússins er lyft að hluta sem nemur 4.5 metrum; þakrymið er nýtt sem hluti íbúða 10. hæðar; vegna landhalla á viðkomandi lóð og hæðarsetningu hússins ásamt bílgeymslu er bætt við jarðhæð með 3 íbúðum; íbúðum er fjölgað úr 40 í 44; hámarksflatarmál hússins eykst um 700 m<sup>2</sup> verður um 6.700 m<sup>2</sup> í stað 6.000 m<sup>2</sup>; fyrirkomulag og fjöldi bílastæða breytist.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.  
Skipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Skemmuvegur 2. BYKO Breiddinni. Deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 26. ágúst 2004 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi við Skemmuveg 2. Í breytingunni felst að byggingarreitur Skemmuvegur 2 er stækkaður um 16 metra til norðurs og er áætluð stækkun grunnflatar 350 m<sup>2</sup>. Fyrirkomulag bílastæða á lóð breytist.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.  
Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kópavogi, 5. janúar 2005.*

**Birgir H. Sigurðsson** skipulagsstjóri.

## REGLUR

### um skattmat vegna tekna af landbúnaði árið 2005.

Eftirfarandi reglur um skattmat tekna af landbúnaði á árinu 2005 eru settar skv. 118. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. og 2. tölul. B-liðar 17. gr. reglugerðar nr. 245/1963, um tekjuskatt og eignarskatt. Um er að ræða mat á tekjum í búrekstri, hvort sem um er að ræða einstaklingsrekstur eða rekstur lögaðila, sem færa ber á rekstrarreikning landbúnaðarskýrslu fyrir árið 2005.